



EINING-ÍÐJA

FÉLAGSBLAÐ

2. tölublað
21. úrgangur
Júní 2018

VIÐ STÖNDUM VÖRÐ
UM RÉTTINDI
ÞÍN

RÉTTINDI

KAFFITÍMI

VINNUTÍMI

STARFSMAT

ORLOF

HLUTASTARF

MATARTÍMI

ÞAGNARSKYLDA

ÍHLAUPAVINNA

BÓNUS

DAGVINNULAUN

FRIDARSKYLDA

KAUPAUKI

BYRJUNARLAUN

JAFNRÉTTI

ERFIDISVINNA

ATVINNUREKANDI

UPPSÖGN

GJALDÞROT

FÉLAGSGJALD

FRÆÐSLUSTYRKUR

NÁMSKEIÐSSTYRKUR

YFIRVINNA

LAUNABJÓFNAÐUR

HEILDARLAUN

LÁGMARKSLAUN

KJARASAMNINGUR

RÁÐNINGARSAMNINGUR

NEYSLUHLÉ



NÝTIÐ YKKUR ÞJÓNUSTU Í HEIMABYGGÐ



FJALLABYGGÐ

Sími 460 3600
Eyrargata 24b
Opið alla virka daga frá kl. 9 til 15



DALVÍK

Sími 460 3600
Hafnarbraut 5
Opið alla virka daga frá kl. 10 til 16



HRÍSEY

Sími 692 4910



Guðrún Þorbjarnardóttir
Svæðisfulltrúi

GRENIVÍK

Sími 844 5729



Róbert Þorsteinsson
Svæðisfulltrúi



AKUREYRI

Sími 460 3600
Skipagötu 14
Opið alla virka daga frá kl. 8 til 16



VERIÐ VELKOMIN!

EINING-ÍÐJA STENDUR VÖRÐ UM RÉTTINDI ÞÍN!



www.ein.is

VALRÓS

B Ú S Á H Ö L D & G J A F A V A R A

Eftir 21 árs farsælan rekstur
verslunarinnar Valrós, þá er komið að
þeim tímamótum að verslunin hættir.

Við höfum hafið **rýmingarsölu** á
öllum vörum verslunarinnar,
sem mun standa til seinniparts sumars.

Sjón er sögu ríkari,
Verið velkomin.

Viðjulundi 2b · Rauðakrosshúsinu | 462 2833
Opið mánudaga - föstudaga kl.13:30 -18:00



Útgefandi: Eining-Iðja
Skipagötu 14 - 600 Akureyri
Sími 460 3600 - Bréfasími 460 3601
www.ein.is

Ábyrgðarmaður:
Björn Snæbjörnsson

Ritstjóri
Ásgrímur Örn Hallgrímsson

Forsíðumynd:
Duodot ehf.
Heiðdís Halla Bjarnadóttir
og Kristín Anna Kristjánsdóttir

Prentvinnsla:
Ásprent ehf.

Frjálst er að nota efni úr blaðinu,
í heild eða hluta, þó þannig
að heimildar sé getið

Stafrænar lausnir Íslandsbanka

460 4000

@islandsbanki

islandsbanki.is

Velkomin í nýtt útibú Íslandsbanka

Við erum þar sem þú ert. Kynntu þér stafrænar lausnir hjá Íslandsbanka, þar sem ánægðustu viðskiptavinir í bankajónustu hafa verið, fimm ár í röð.*

Náðu í öppin á [islandsbanki.is/app](https://www.islandsbanki.is/app)

*Samkvæmt Íslensku ánægjuvuginni.

Efnisyfirlit

- 6** Lágmarkstekjur fyrir fullt starf
- 6** Ný persónuverndarlög
- 7** Persónuvernd á vef Einingar-Iðju
- 8** Hátt í 2.000 félagsmenn hafa tekið þátt í mótun kröfugerðar
- 9** Hótel Edda sumarið 2018
- 10** Launahækkunar ársins
- 10** Laus húsi í sumar
- 11** Samkomulag ASÍ og SA um starfsmannaleigur
- 12** Námskeiðið „Ungir leiðtogar“
- 12** Veði kortið
- 14** Vel heppnaður fræðsludagur
- 16** Aðalfundur Einingar-Iðju
- 19** To the members of Eining-Iðja
- 20** Heimsókn til skrifstofu ASÍ
- 20** Mikil ánægja með starfslokánámskeiðið
- 20** Láttu í þér heyra!
- 21** *Do członków zwiqzku Eining-Iðja*
- 21** *สิ่งสมาชิก Einingu-Iðju หารือ*
- 22** Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs
- 23** Orlofsbyggðin Illugastaðir
- 23** Útilegukortið
- 23** Fosshótel og Íslandshótel
- 24** Sterkari saman – hringferð ASÍ
- 25** Leikhúsferð fyrir lífeyrisþega félagsins
- 25** Ert þú að vinna á...
- 25** Eining-Iðja er á Facebook
- 25** Þrif og umsjón
- 26** 1. maí hátíðarhöld
- 27** Klukk nú einnig á ensku og pólsku
- 27** What is Klukk?
- 28** Co to jest Klukk?
- 29** Skólaheimsóknir í 20 ár
- 29** Reynslutími/starfsþjálfun er líka vinna
- 29** Veikindi í orlofi
- 30** Gistimiðar á Keahótel
- 30** Ekki segja upp í veikindum
- 30** Eru félagsgjöldin ekki örugglega að skila sér?
- 31** Ný heimasíða í vinnslu
- 31** Veistu hvað...?
- 31** Margnota innkaupapokar

VIÐ PRENTUM VINNUSTAÐASKÍRTEINI



Vinnustaðaskírteini

Jón Jónsson
Meistari / Framkvæmdastjóri
Kt.: 111111-1111



ásprent

Glerárgötu 600 - 28 Akureyri
Kt.: 222222-2222

Prentum vinnustaðaskírteini á plastkort.
Eigum einnig plastvasa, hálsbönd, ólar o.fl. fyrir kortin.
Við gerum þér tilboð!

Einfaldast er að senda excel-skjal með upplýsingum sem koma eiga fram á kortunum.

Lágmarkstekjur fyrir fullt starf - kr. 300.000

Vert er að vekja athygli félagsmanna á eftirfarandi punktum varðandi lágmarkstekjur:

- ♦ Lágmarkstekjur fyrir fullt starf eru kr. 300.000 á mánuði
- ♦ Frá 1. maí sl. hjá fyrirtækjum á almenna markaðnum
- ♦ Frá 1. júní sl. hjá starfsmönnum sem starfa hjá Ríkinu og þeim sem starfa hjá sveitarfélögum
- ♦ Fyrir dagvinnu og allar bónus-, álags- og aukagreiðslur
- ♦ Miðað við 173,33 tíma á mánuði eða 40 stundir á viku
- ♦ Greiða skal uppbót á laun þeirra sem ná ekki kr. 300.000 fyrir dagvinnu
 - DÆMI: Ef taxtinn er kr. 286.00 og viðkomandi fær engar aukagreiðslur, sem taldar eru upp hér að ofan, skal greiða kr. 14.000 uppbót á launin.
- ♦ Almenni markaðurinn:
 - Fyrir þá sem eru 18 ára og eldri og hafa starfað a.m.k. sex mánuði samfellt hjá sama fyrirtæki (þó að lágmarki 900 stundir).
- ♦ Ríki og sveitarfélög:
 - Fyrir þá sem eru 18 ára og eldri og hafa starfað a.m.k. fjóra mánuði samfellt hjá sömu stofnun.

Með vísan í samning milli ASÍ og SA um réttindi hlutavinnustarfs-
manna þá eiga þeir jafnframt rétt á lágmarkstekjutryggingu í samræmi



við starfshlutfall. Þar sem taxtar eru í einhverjum tilfellum lægri en lág-
markstekjutrygging skal það bætt með eftirfarandi hætti:

Mánaðarlega skal greiða uppbót á laun viðkomandi starfsmanna sem ekki ná framangreindum tekjum, en til launa í þessu sambandi teljast allar greiðslur, þ.m.t. hverskonar bónus-, álags og aukagreiðslur, sem falla til innan ofangreinds vinnutíma. Laun fyrir vinnu umfram 173,33 stundir á mánuði og endurgjald á útlögðum kostnaði reiknast ekki með í þessu sambandi.

Tökum höndum saman FÆKKUM PAPPÍRSYFIRLITUM



Til að afþakka pappír ferðu inn á vef sjóðfélaga með rafrænum skilríkjum eða veflykli. Nánar á vefnum: www.stapi.is

VISSIR ÞÚ AÐ...

Stapa er skylt samkvæmt lögum að upplýsa sjóðfélaga um réttindi þeirra. Sjóðurinn sendir því árlega út 34.000 yfirlit á pappír.

Til að Stapi geti sent yfirlitin rafrænt þarf sjóðfélagi að óska eftir því. Þeir sem sem afþakka heimsendan pappír fá sendar tilkynningar í tölvupósti.

Það er auðvelt að fylgjast með réttindum á sjóðfélagavefnum.

Ný persónuverndarlög

Frá árinu 2016 hefur legið fyrir að 25. maí 2018 skyldi vera sá dagur sem ný persónuverndarlöggjöf tæki gildi. Umrædd löggjöf markar ákveðin tímamót í sögu persónuverndarlöggjafar í Evrópu. Reglugerðin er komin til framkvæmda í meginhluta Evrópu og var lögfest hér á landi þann 13. júní sl. Þegar frumvarp að persónuverndarlögum var samþykkt á Alþingi.

Persónuverndarfulltrúi Einingar-löju

Hafdís E. Ásbjarnardóttir, Lögfræðingur og þjónustufulltrúi hjá félaginu, var skipuð í hóp fulltrúa sambanda innan ASÍ sem skoðuðu hvað stéttarfélag þurfa að gera til að standast þessa nýju reglur. Hún var jafnframt skipuð persónuverndarfulltrúi Einingar-löju. Á fundi stjórnar félagsins 28. maí sl. kynnti hún drög af persónuverndarstefnu fyrir félagið, vinnureglum og upplýsingum til félagsmanna. Stjórnin samþykkti persónuverndarstefnu félagsins með fyrirvara um að hún sé byggð á frumvarpi til laga sem á eftir að fara fyrir alþingi.

Hafdís var áður búin að fara yfir stöðu mála hjá félaginu og halda fundi með starfsfólkinu þar sem farið var yfir hvað þessar breytingar hefðu í för með sér. Það eru aðalega umsýsla gagna, eyðing og upplýsingar hvað má upplýsa og hvað má ekki.

Markmið

Eitt meginmarkmiðið er að veita einstaklingum betri vernd og færa þeim aukinn ákvörðunarrétt yfir persónuupplýsingum sínum í þeim tilgangi að fela þeim stjórn yfir því hver vinnur upplýsingar um þá, hvenær og í hvaða tilgangi. Öll fyrirtæki, stofnanir og aðrir sem vinna með persónuupplýsingar einstaklinga, hvort heldur um viðskiptavinum, notendur hugbúnaðar, nemendur, eigið starfsfólk eða aðra, verða að fylgja hinni nýju löggjöf.

Hvað þýðir þetta fyrir einstaklinga?

- ♦ Réttur til upplýsinga um hvort unnið sé með persónuupplýsingar þeirra
- ♦ Réttur til aðgangs að upplýsingum
- ♦ Réttur til að gleymast (persónuupplýsingum eytt)
- ♦ Réttur til leiðréttingar á upplýsingum
- ♦ Réttur til takmörkunar á vinnslu
- ♦ Réttur til að flytja eigin gögn

Félagið

Eins og áður segir hefur Eining-löja farið í gegnum greiningu á nauðsynlegum úrbótum miðað við nýju löggjöfina. Í þeirri skoðun var leitast við að skoða hvernig bregðast eigi við upplýsingarétti þeirra skráðu, réttinum til að gleymast, flutningsréttur gagna, upplýsingaöryggi bæði í tölvum og á skrifstofu. Einnig hefur félagið sett sér verklagsreglur um persónuvernd og sett sér persónuverndarstefnu ásamt því að útbúa leiðbeiningar fyrir félagmenn um hvernig réttindum þessum verður framfylgt.

Breytingar hjá félaginu

- ♦ Unnið eftir ferlum sem tryggja að vinnsla persónuupplýsinga sé trygg
- ♦ Gætt að samþykki sé fengið hjá hinum skráða eða að vinnsla byggji á lagaheimild
- ♦ Sérstakt eftirlit með öryggisbrotum



Hafdís kynnr drög af persónuverndarstefnu á fundi aðalstjórnar félagsins.

- ♦ Innri úttektir framkvæmdar reglulega og farið í úrbætur ef þurfa þykir
- ♦ Þjálfun starfsmanna í mati á áhættu af vinnslu

Upplýsingar til félagsmanna vegna breytinganna sem eru að ganga í garð:

Upplýsingar um stéttarfélagasáðild eru viðkvæmar persónuupplýsingar því ber að athuga að eingöngu félagsmaðurinn sjálfur getur fengið upplýsingar um sig hjá félaginu, nema viðkomandi sé innan 18 ára aldurs þá má lögráðamaður afla upplýsinganna.

Nýtt verklag vegna vinnu við innheimtu- og réttindamálum hefur verið tekið upp.

Persónuvernd launafólks

Allir njóta friðhelgi um einkalíf sitt og persónu, hvort heldur er í starfi eða frítíma, innan veggja heimilis og á vinnustað. Hvað varðar launafólk þá reynir helst á persónuréttindi þess þegar kemur að vímuefnaprófunum og rafrænni vöktun. Rafræn vöktun getur til að mynda falið í sér eftirlit með myndavélum, staðsetningarbúnað og vöktun á tölvupósti og sím-tölum. Rafræn vöktun verður að fara fram í yfirlýstum, skýrum og málefnalegum tilgangi s.s. í öryggis- eða eignavörsluskyni. Vöktun með leynd er óheimil nema hún styðjist við lagaheimild eða úrskurð dómara. Það getur farið eftir starfsemi og umhverfi fyrirtækja hve langt má í ganga í rafrænni vöktun. Þegar unnið er með persónuupplýsingar verða allar slíkar vinnslur að uppfylla eftirfarandi meginreglur:

Unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga.

Fengnar í skýrum og málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi.

Ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar.

Áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum. Persónuupplýsingar sem eru óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við tilgang vinnslu þeirra, ber að afmá eða leiðrétta.

Varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á viðkomandi einstakling lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu.

Persónuvernd á vef Einingar-Iðju

Vefsíðan www.ein.is meðhöndlar persónuupplýsingar í samræmi við lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Í þeim tilfellum þar sem persónuupplýsingar eru skráðar t.d. vegna fyrirspurna eða beiðna, þar sem þú þarft að skrá nafn þitt, heimilisfang, tölvupóstfang eða aðrar persónutengdar upplýsingar, skuldbindur Eining-Iðja sig til þess að varðveita framangreindar upplýsingar á öruggan og tryggan hátt og mun ekki miðla áfram upplýsingum sem skráðar hafa verið til þriðja aðila án samþykkis viðkomandi aðila eða í kjölfar dómsúrskurðar.

Við hverja komu inn á vef Einingar-Iðju eru nokkur atriði skráð nafnlaust með svo kölluðum kókum (e. Cookies). Kókur eru litlar textaskrár sem notaðar eru til þess að greina heimsóknir á vefsíðu.

Þessi atriði eru tími og dagsetning, leitarorð, frá hvaða vef er komið, gerð vafra og stýrikerfis og fleira. Þessar upplýsingar má nota við endurbætur á vefnum og þróun hans, t.d. um það efni sem notendur sækjast mest eftir. Notendum er bent á að þeir geta stillt vafra sinn þannig að hann láti vita af kókum eða hafni þeim með öllu.

Vinnsla gagna fer fram svo lengi sem notandi lýsir ekki andstöðu sinni við meðferð upplýsinganna. Ef notandi óskar eftir að koma athugasemdum um meðhöndlun persónuupplýsinga á framfæri eða



óskar eftir að persónuupplýsingum sínum verði eytt úr grunninum, skal athugasemdum komið til Einingar-Iðju í tölvupósti á ein@ein.is.

Við notum Google Analytics til að greina notendahópin okkar í þeim tilgangi að sinna honum betur. Við notum gögn sem safnað er með Google Analytics svo sem aldur, kyn og áhugamál, til þess að bæta þjónustuna okkar. Við leitumst aldrei við að greina hegðun notenda niður á einstaklinga heldur viljum aðeins nýta þessar upplýsingar í nafnlausum og almennum tilgangi. Þannig getur okkar þjónusta orðið betri með tímanum. Á vef Google er hægt að breyta stillingum í Google Ads Settings til að taka ekki þátt í slíkum greiningum.

Ef þú hefur frekari spurningar um ofangreint getur þú haft samband við félagið í síma 460 3600 eða send tölvupóst á ein@ein.is.



*Starfsmenn Enor
Óska félagsmönnum Einingar-Iðju
gledilegs sumars og ánægjulegs sumarfrís*

Hátt í 2.000 félagsmenn hafa tekið þátt í mótun kröfugerðar

Kjarasamningar þorra verkafólks renna út um næstu áramót og víst er að í komandi kjarabaráttu verða verkalýðsfélögin að halda vel á spilunum, svo sem með því að skipuleggja sem best vinnuna við mótun kröfugerðarinnar. Í kjölfar aðalfundar Einingar-löju í lok mars var samninganefnd félagsins kölluð saman, og hófst hún þegar handa við að undirbúa jarðveginn. Höfuðmáli skiptir að ná til sem flestra félagsmanna og hefur Eining-löja kappkostað að kalla eftir áliti þeirra. Gerð var skoðanakönnun og boðað til funda á öllu félagssvæðinu, þar sem rætt var um hvað félagið ætti að leggja áherslu á í komandi kjaraviðræðum. Óhætt er að segja að félagsmenn hafi svarað kallinu.

Í lok apríl kannaði Eining-löja hug félagsmanna til áherslna félagsins í komandi kjarasamningaviðræðum. Þátttaka var mjög góð, svör bárust frá 1.483 félagsmönnum, en sérstaklega var þess gætt að ná til fólks af erlendum uppruna. Þannig bárust 134 svör á pólsku og 102 svör á ensku. Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri sá um að greina svörin og vinna úr niðurstöðunum.

Þessar niðurstöður voru kynntar á fundi samninganefndar í lok maí. Þar kom m.a. fram að tvær mikilvægustu kröfurnar gagnvart atvinnurekendum væru að auka kaupmátt launa og að launahækkun verði í krónutölu. Þar á eftir komu þrjár kröfur; launahækkun verði í %; stytta vinnuvikuna án þess að skerða laun og hækka lægstu launin umfram aðra. Mikilvægustu kröfurnar gagnvart ríkinu væru að hækka skattleysismörkin og að lækka skattprósenta.



31 fundur með grasrótinni

Björn Snæbjörnsson, formaður félagsins, segir að auk könnunarinnar hafi félagið verið með 31 opinn fund með um 40 starfsgreinum á félagssvæðinu þar sem farið var yfir kröfur sérstakra hópa og vinnustaða. „Til að ná fram sem bestum upplýsingum um vilja félagsmanna var ákveðið að fara í þessa fundaherferð. Í sjálfri könnuninni var spurt um almenn atriði í kröfugerðina en á þessum fundum var verið að ræða sérkröfur hópa eða vinnustaða.“

Auðvitað voru fundirnir misvel sóttir en góðir punktar komu fram á þeim öllum sem munu nýttast samninganefnd félagsins í þeirri vinnu sem fram undan er. Fyrir síðustu samninga gafst vel að nota þessa aðferð og það sama var upp á teningnum nú. Hátt í 2.000 félagsmenn hafa komið að þessari vinnu og vil ég nota tækifærið og þakka þeim fyrir þátttöku. Árangur í samningum byggist á því að menn standi saman, það gerist ekki með því að örfáir einstaklingar sjái um málið. Enn og aftur, takk.“


Þú getur enn haft áhrif?

Samninganefnd félagsins heldur dagsfund þann 5. september nk. þar sem tekin verða saman drög að kröfugerð félagsins. Dagana 10. til 12. september verða svo haldnir fimm opnir fundir á félagssvæðinu þar sem drögin verða kynnt, en þar gefst félagsmönnum aftur tækifæri til að koma með ábendingar og hafa áhrif á kröfugerðina áður en gengið verður endanlega frá henni á fundi samninganefndar þann 18. september. Fullmótuð kröfugerð þarf að hafa borist Starfsgreinasambandi Íslands fyrir 20. september nk. „Með þessu verklagi er augljóst að öllum starfandi félagsmönnum gefst tækifæri til að hafa áhrif á gerð kröfugerðarinnar, áður en gengið verður endanlega frá henni. Góður undirbúningur er lykillinn að kröftugri kjarabaráttu,“ segir Björn.

Á fundi samninganefndar var samþykkt að veita SGS umboð til kjarasamningagerðar fyrir hönd félagsins vegna kjarasamninga á almenna vinnumarkaðnum, sem renna út 31. desember 2018. Umboð var veitt annars vegar vegna aðalkjarasamnings á milli SGS og SA og hins vegar vegna kjarasamnings SGS við SA vegna veitinga-, gisti-, þjónustu-, og greiðasöluastaða, afþreyingarfyrirtækja og hliðstæðrar starfsemi.

Verkafólk á að njóta góðærisins

Björn segir að margt bendi til þess að kjarabaráttan næsta vetur verði harðari en oft áður, „svör vinnuveitenda í tengslum við komandi kjaraviðræður benda til þess. Fréttir af ofurlaunum hafa ekki farið fram hjá verkafólki og allar hagtölur sýna að góðæri ríkir í landinu. Verkalýð á að njóta góðærisins, ekki bara topparnir og sjálfökuliðið. Félagsmenn, takið virkan þátt í félagsstarfi Einingar-löju. Þannig náum við árangri.“



Hótel Edda sumarið 2018

Eins og undanfarin sumur mun Eining-löja hafa til sölu greiðslumiða fyrir gistingu á öll Edduhótel landsins. Verð miða er kr. 10.000. Hver miði gildir fyrir tvo í gistingu í tveggja manna herbergi með handlaug í eina nótt, en vert er að taka fram að morgunverður er ekki innifalinn.

Ekki verður dregið frá punktaineign félagsmanna vegna þessara greiðslumiða. Hér er um að ræða ágæta kjarabót því samkvæmt verðlista Edduhótela fyrir sumarið 2018 á slíkt herbergi að kosta kr. 17.200.

Greiðslumiðana má nota á öllum Edduhótelum sem eru 10, hringinn í kring um landið. Gestir sjá sjálfir um að bóka gistingu í gegnum síma eða með tölvupósti og við pöntun þarf að taka fram að greitt verði með gistimiða. **Gangið úr skugga við pöntun um að hótelið bjóði upp á herbergi með handlaug.**

- ◆ Uppfærsla, þegar keyptur er miði fyrir herbergi með handlaug:
- ◆ Sé gist í herbergi með baði greiðist aukagjald kr. 9.000 á herbergi.
- ◆ Sé gist í herbergi með baði á Hótel Edda Plus* greiðist aukagjald kr. 12.500 á herbergi.

Einnig má greiða fyrir uppfærslu í hvort sem er herbergi með baði eða Plus herbergi með 2 miðum sem gilda fyrir herbergi með handlaug.

* Hótel Edda Plus eru á Akureyri, Stórutjörnum, Laugum í Scelingsdal og Höfn.

Hér er um að ræða ágæta kjarabót því samkvæmt verðlista Edduhótela fyrir sumarið 2018 á slíkt herbergi að kosta kr. 26.200 og á Plus 29.700.

Athugið að ekki er hægt að panta á netinu ef nota á gistimiða. Leyfilegt er að taka með sér 1-2 börn í herbergi án þess að greiða aukalega ef fólk hefur með sér svefnpoka eða rúmföt, en Edduhótelin sjá um að útvega dýnu ef með þarf. Nánari upplýsingar um hótelin má finna á heimasíðunni www.hoteledda.is

Verðlistaverð Edduhótela sumarið 2018 er:

- ◆ Tveggja manna herbergi m/handlaug kr. 17.200*
- ◆ Tveggja manna herbergi m/baði kr. 26.200 *
- ◆ Tveggja manna herbergi m/baði PLUS kr. 29.700*
- ◆ Morgunverður á mann kr. 2.400

* Þessi verð eru til viðmiðunar fyrir sumarið 2018, geta verið breytileg.



JÓAKIM heildarlausn fyrir stéttarfélag

Init ehf. er hugbúnaðarfyrirtæki sem sérhæfir sig í lausnum fyrir lífeyrissjóði og verklýðsfélög
Init ehf. þróar, rekur og þjónustar JÓAKIM, sem er útbreiddasta lífeyris- og félagakerfi á Íslandi

- Öflugt iðgjaldainnheimtakerfi
- Sveigjanlegt félagakerfi
- Námskeiðakerfi
- Félagagreiðslukerfi fyrir sjúkrabætur, styrki o.fl.
- Orlofshúsakerfi
- Vefkerfi fyrir launagreiðendur og rafræn móttaka skilagreina
- Félagavefur þar sem félagsmenn geta skoðað iðgjaldasögu, bótagreiðslur, sótt um orlofshús o.fl.
- Viðmót fyrir greiningarverkfæri
- Verðbréfakerfi til að halda utan um eignir sjóða
- Kerfið hentar jafnt stórum sem smáum félögum og er í notkun hjá um 30 stéttarfélögum og samböndum stéttarféлага



Init ehf. • Smáratorgi 3 • 201 Kópavogi • Sími 510 7200 • Fax 510 7220 • init@init.is • www.init.is

Launahækkunar ársins



Eining-Íðja hvetur launafólk til að fylgjast vel með hvort launahækkunar ársins skili sér rétt og örugglega í launaumslagið. Laun og launatengdir liðir skv. núgildandi kjarasamningum hækkuðu sem hér segir:

Starfsfólk á almennum vinnumarkaði:

Þann 1. maí hækkuðu laun og launatengdir liðir um 3%.

Lágmarkslaun fyrir fullt starf, 18 ára og eldri eftir 6 mánaða starf skal vera 300.000 frá 1. maí 2018.

Starfsmenn fengu 48.000 kr. í orlofsuppbót 1. júní, miðað við fullt starf.

Mótframlag atvinnurekenda í lífeyrissjóð hækkar í 11,5% 1. júlí 2018.

Starfsmenn fá 89.000 kr. í desemberuppbót ekki síðar en 15. desember, miðað við fullt starf.

Starfsfólk sveitarfélaga:

Þann 1. júní hækkuðu laun um 2%.

Lágmarkslaun fyrir fullt starf, 18 ára og eldri eftir 4 mánaða starf skal vera 300.000 frá 1. júní 2018.

Starfsmenn fengu 48.000 kr. í orlofsuppbót 1. maí, miðað við fullt starf.

Starfsmenn fá 113.000 kr. í desemberuppbót þann 1. desember, miðað við fullt starf.

Starfsfólk ríkisins:

Þann 1. júní hækkuðu laun um 3%.

Lágmarkslaun fyrir fullt starf, 18 ára og eldri eftir 4 mánaða starf skal vera 300.000 frá 1. júní 2018.

Starfsmenn fengu 48.000 kr. í orlofsuppbót 1. júní, miðað við fullt starf.


Starfsmenn fá 89.000 kr. í desemberuppbót þann 1. desember, miðað við fullt starf.

Félagið hvetur félagsmenn til að fylgjast vel með á launaseðlinum hvort þessar launahækkunar skili sér ekki alveg örugglega til þeirra.

Athugið að almenn regla er að laun eru greidd eftir á. Hækkunin 1. maí átti því að koma til útborgunar hjá flestum félagsmönnum þann 1. júní sl. og hækkunin sem var 1. júní á því að koma til útborgunar þann 1. júlí nk.

Orlofshús

LAUS HÚS Í SUMAR – Fyrstur pantar – fyrstur fær!



Við viljum minna félagsmenn á að enn eru orlofshús laus í sumar, hús sem ekki gengu út í úthlutun eða voru ekki staðfest innan greiðslufrests. Áhugasamir geta kíkt á Félagavefinn á heimasíðu félagsins, www.ein.is, þar sem sjá má hvaða hús eru enn laus og jafnframt bókað þau. Þeir sem ekki eru enn komnir með aðgang að Félagavefnum geta hringt á skrifstofur félagsins í síma 460 3600, eða mætt til okkar og fengið upplýsingar um laus hús.

Samkomulag ASÍ og SA um starfsmannaleigur

Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins undirrituðu í apríl samkomulag um eftirlit með laun- um og starfskjörum starfsmanna starfsmannaleiga, ábyrgð notendafyrirtækja og sérstaka viðurkenningu starfsmannaleiga.

Jafnt starfsmannaleigur og notendafyrirtæki þurfa að vera meðvituð um skyldur sínar gagnvart starfsmönnum, þannig að tryggt sé að starfsmenn starfsmannaleiga njóti þeirra kjara og réttinda sem þeim ber.

Til að tryggja betur framangreind markmið og réttindi starfsmanna starfsmannaleiga eru samningsaðilar sammála um eftirfarandi aðgerðir:

- Starfsmannaleigum gefist kostur á að undirgangast sérstakt launaeftirlit af hálfu stéttarfélaganna og samráðsnefndar ASÍ og SA. Það felur í sér að þær leggi fram gögn svo að hægt sé að sannreyna að þær uppfylli skilyrði laga og kjarasamninga varðandi laun og önnur starfskjör starfsmanna sinna.*
- Samráðsnefnd ASÍ og SA veiti þeim starfsmannaleigum viðurkenningu sem undirgengist hafa sérstakt launaeftirlit og uppfylla skilyrði samkomulagsins að öðru leyti.*
- Lögfest verði ábyrgð notendafyrirtækja á vangoldn-*

um launum starfsmanna starfsmannaleiga sbr. frumvarp félags- og jafnréttisráðherra sem dreift hefur verið á alþingi, mál nr. 468.

Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins hafa axlað sameiginlega ábyrgð á uppbyggingu vinnu- markaðarinnar og réttindum og skyldum sem þar gilda. Samtökin líta á það sem sameiginlegt verkefni samtakanna að treysta í sessi heilbrigðan vinnu- markað þar sem gætt er að um- sömdum réttindum launafólks.

ASÍ og SA hafa látið sig málefni starfsmannaleiga varða. Kemur þá tvennt til, annars vegar að starfsmenn þeirra eru nærri undantekningarlaust erlendir og því ríkari þörf fyrir eftirliti með kjörum þeirra og hins vegar að starfsemi starfsmannaleiga felur í sér frávik frá meginreglu íslensk vinnu- markaðar um að starfsmenn séu ráðnir ótímabundið beint til vinnuveitanda.

Markmið samkomulagsins er m.a. að tryggja réttindi starfsmanna starfsmannaleiga. Samningsaðilar leggja áherslu á að notendafyrirtæki, þ.e. þau fyrirtæki sem eru með starfsmenn starfsmannaleiga í þjónustu sinni, sýni ábyrgð, taki ekki þátt í brotum gegn starfsmönnum starfsmannaleiga og skipti einungis við starfsmannaleigur sem þau bera traust til.



NÁMSFRAMBOÐ HAUST 2018

- Fræðsla í formi og lit**
Nám í málun og teikningu.
- Nám og þjálfun**
Grunnfögin í framhaldsskóla.
- Félagsliðabré**
Ætlað þeim sem orðnir eru 22 ára og hafa að baki að minnsta kosti þrjú ára starfsreynslu af viðkomandi starfssviði.
- Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabré**
Ætlað þeim sem orðnir eru 22 ára og hafa að baki að minnsta kosti þrjú ára starfsreynslu af viðkomandi starfssviði.
- Sölu-, markaðs- og rekstrarnám**
Fyrir þá sem vilja styrkja eigin rekstur eða hafa í hyggju að stofna eigin rekstur.
- Skrifstofuskólinn**
Nám í almennum skrifstofustörfum.
- FabLab smiðja**
Innsýn í stafræna framleiðslutækni, hönnun og nýsköpun.
- TIG málmsuðu smiðja**
Nemendur verða færir um að sjóða samkvæmt verklysingum og hafa þekkingu til að vinna sjálfstætt eftir suðurferilslysingum.
- Help start – ónskunám fyrir lesblinda**
Fyrir byrjendur og lengra komna.
- Markþjálfunarnám – í samvinnu við Evolvía**
Veitir góða undirstöðu í aðferðafræðum markþjálfunar.
- Mannlegi millistjórnandinn – í samvinnu við Hagvang**
Ætlað að styrkja nýja stjórnendur og millistjórnendur í störfum sínum.
- Alvöru bókhaldsnámskeið**
Farið í alla algengustu þætti daglegar bókhaldsvinnu.
- LEAN fyrir sérfræðinga – í samvinnu við Manino**
Fyrir sérfræðinga sem eru að taka virkan þátt í innleiðingu á Lean eða eru að undirbúa slíka vegferð.
- LEAN fyrir stjórnendur – í samvinnu við Manino**
Fyrir stjórnendur sem eru að innleiða lean, eru að undirbúa slíka vegferð eða breytingastjórnun almenn.
- Íslenska sem annað mál stig 1-6**
- Endurmenntun atvinnubílstjóra**
- Stytttri námskeið í FabLab**

...og margt fleira

Skráning og nánari upplýsingar
www.simey.is · 460-5720

p.s. Ekki gleyma að kanna möguleikana á styrkjum hjá stéttarfélögum ykkar og fræðslusjóðum!

SÍMEY



Námskeiðið „Ungir leiðtogar“

Nýlega stóð ASÍ fyrir námskeiði sem kallaðist „Ungir leiðtogar,“ en eins og nafnið ber með sér þá var námskeiðið ætlað ungu fólki í verkalyðshreyfingunni. Markmið þess var að fræða um verkalyðshreyfinguna og efla ungt fólk sem leiðtoga, hvort sem er á vinnustaðnum eða á breiðari vettvangi. Námskeiðið var sniðið að ungum félögum í verkalyðshreyfingunni; trúnaðarmönnum, starfsmönnum stéttarfélagi og ungu fólki í trúnaðarráðum. Tveir félagsmenn Einingar-löju fóru á námskeiðið, þau Sigurpáll Gunnarsson og Guðbjörg Helga Andrésdóttir sem bæði starfa sem trúnaðarmenn hjá félaginu, en Sigurpáll er jafnframt stjórnarmaður í aðalstjórn félagsins.

Skemmtilegt og lærdómsríkt

Guðbjörg og Sigurpáll sögðu að námskeiðið hefði verið virkilega skemmtilegt og lærdómsríkt. „Það voru tvær námslotur í Reykjavík og sú seinasta var haldin í Brussel. Við fengum að hlusta á fullt af flottum fyrirlestrum og æfa okkur í ræðumennsku. Mikið var lagt upp úr því að við myndum vinna saman og gera stuttar greinargerðir sem við kynntum svo fyrir hinum í hópnum. Okkur finnst námskeiðið hafa eftt sjálftraust hjá nemendum ásamt því að vekja okkur enn meir til umhugsunar um málefni sem brenna á ungu kynslóðinni. Rúsinan í pylsuendanum var svo ferðin til Brussel sem hristi hópinn vel saman og fórum við þar á marga skemmtilega fyrirlestra ásamt því að skoða borgina og versla. Við getum eindregið mælt með

Veiðikortið - aðeins kr. 3.300 til félagsmanna

Eining-löja býður félagsmönnum sínum að kaupa Veiðikortið á sérkjörum. Kortið er til sölu á skrifstofum félagsins á aðeins kr. 3.300 en fullt verð er kr. 7.900.

Veiðikortið er mjög hagkvæmur valkostur sem hentar jafnt veiðimönnum sem fjölskyldufólki. Með Veiðikortið í vasanum er hægt að veiða nær ótakmarkað í 34 veiðivötnum víðsvegar um landið sem og tjalda endurgjaldslaut við mörg þeirra.

Nú gefst fólki loksins kostur á að stoppa við falleg vötn, í skemmi eða lengri tíma, án þess að þurfa að eyða miklum tíma í að finna út hvert á að fara til að kaupa veiðileyfi, eða hvort það sé fiskur í vatninu og þar fram eftir götum.

Með kortinu fylgir veglegur bæklingur og í

honum eru lýsingar á veiðisvæðunum, reglur, kort og myndir. Einnig eru grunnupplýsingar á ensku í bæklingnum. Allan texta í bæklingi má finna á www.veidikortid.is bæði á íslensku og ensku.

Veiðikortið er stílað á einn einstakling og þurfa korthafar að merkja kortið með kennitölu sinni í þar til gerðan reit. Þegar skráning fer fram hjá landeiganda eða veiðiverði ber að sýna Veiðikortið og persónuskilríki eða samkvæmt reglum í bæklingi. Veiðimenn eru hvattir til að ganga vel um veiðisvæðin og skilja ekki eftir sig rusl eða önnur ummerki.

Kortið gildir fyrir einn fullorðinn og börn yngri en 14 ára í fylgd með korthafa. Eiganda kortsins ber að merkja kortið á bakhlið með

kennitölu sinni. Veiðimönnum ber að virða þær reglur sem kynntar eru á upplýsingasíðum vatnanna, en mismunandi reglur geta gilt á milli vatnasvæðanna.

Allar frekari upplýsingar og lista um veiðisvæði er hægt að nálgast á www.veidikortid.is



því að Eining lója haldi áfram að senda ungliða á námskeiðið.“

Nánar um námskeiðið

Ástæða þess að ASÍ ákvað að bjóða upp á þetta námskeið er sú að þrátt fyrir að ungt fólk (18-35 ára) sé stór hópur á vinnumarkaði er virkni þess lítil innan margra stéttarféлага og aðkoma þess að stjórnun, þingum og ákvörðunartöku innan verkalýðshreyfingarinnar víða of lítil. Hvað Einingulöju varðar er vert að nefna að um 35% trúnaðarmanna sem starfa hjá félaginu eru 35 ára eða yngri og sitja þau einnig mörg hver í ýmsum ráðum og nefndum félagsins. Á síðasta aðalfundi félagsins var jafnframt kosið í fyrsta sinn um meðstjórnanda í aðalstjórn, en það sæti er eyrnamerkt ungum félagsmönnum og var Sigurpáll kosinn.

Námskeiðið samanstóð af þrem námslotum sem miðuðu að því að styrkja ungt fólk í verkalýðshreyfingunni og gera því kleift að koma röddum ungs fólks á framfæri, á vinnustaðnum, innan hreyfingarinnar og úti í samfélaginu. Með námskeiðinu gafst ungum félögum kostur á að öðlast fjölbreytta þekkingu á verkalýðshreyfingunni ásamt því að efla ræðumennsku, framkomu og sjálfsstyrk. Síðast en ekki síst var námskeiðinu ætlað að styrkja enn frekar tengsl og samvinnu ungs launafólks þvert á starfsgreinar og landshluta.

Fyrstu tvær loturnar, sem stóðu yfir í tvo daga, fóru fram í Reykjavík í lok mars og í lok apríl. Þriðja lotan, sem stóð yfir í fjóra daga, fór fram í Brussel. Þar var m.a. farið í heimsókn til ETUC (Evrópsku verkalýðshreyfingarinnar) og ungliðabjálfarar frá ETUI (fræðslumiðstöð ETUC) fræddu nem-



endur um áskoranir ungs fólks á evrópskum vinnumarkaði þar sem áskoranir fjórðu iðnbyltingarinnar eru farnar að hafa áhrif á störf. Jafnframt var tekið hús á ITUC (International Trade Union Confederation) þar sem einblínt var á vel heppnaðar herferðir þeirra. Stærstu heildarsamtök launafólks í Belgíu, FGBT, voru einnig sótt heim þar sem kynntar voru fyrir hópnum þær áskoranir sem samtökin hafa rekist á í tengslum við fjórðu iðnbyltinguna og þá sérstaklega deilihagkerfið. Jafnframt kynntu ungliðar FGBT starf sitt og uppbyggingu.

Viltu eignast bókina **Til starfs og stórra sigra?**

Hægt er að kaupa eintak af þessu glæsilega riti á skrifstofum félagsins.

Verð bókar er kr. 13.900.



Jón Hjaltason

**Til starfs
og stórra sigra**
Saga Einingar-löju 1906-2004



Vel heppnaður fræðsludagur

Árlegur fræðsludagur Einingar-löju fyrir trúnaðarmenn, starfsmenn og aðra sem eru í trúnaðarstörfum fyrir félagið fór fram mánudaginn 23. apríl sl. Þetta er í tíunda sinn sem félagið heldur fræðsludag sem þennan, en í ár fór hann fram í Laugarborg í Eyjafjarðarsveit. Um 100 félagar tóku þátt í deginum sem tókst í alla staði mjög vel, en dagskráin var blanda af fyrirlesturum og hópavinnu.

Edda Björgvinsdóttir leikkona byrjaði dagskrá með mjög góðu erindi sem hún kallaði – Húmor og gleði á vinnustað – dauðans alvara. Næst í pontu steig Eyrún Halla Eyjólfssdóttir, þjónustufulltrúi hjá félaginu, og sagði frá ferlinu hjá Einingu-löju við vinnu mála er koma inn á borð félagsins. Fjölmargar fyrirspurnir komu úr sal og urðu góðar umræður um málefnið.

Eftir léttan hádegisverð var komið að Drífu Snædal, framkvæmdstjóra Starfsgreinasambands Íslands, en hún

fjallaði um Metoo og verkalyðshreyfinguna. Að loknu erindi Drífu var komið að Braga Bergmann og erindi hans Samræða og samskipti. Næst fjölluðu Eyrún Halla og Hafdís E. Ásbjarnardóttir, lögfræðingur og þjónustufulltrúi hjá félaginu, um ráðningasamninga og gildi þeirra.

Öll erindi dagsins voru alveg frábær og þakkar félagið fyrirlesurunum fyrir þeirra framlag til fundarins.

Síðasti dagskrárlíðurinn var hópavinna, en þá var öllum skipt upp í hópa þar sem teknar voru fyrir tvær spurningar. Í þeirri fyrri var spurt um hvað eigi að leggja áherslu á í næstu kjarasamningaviðræðum og í þeirri seinni var kannaður vilji fundarmanna hvort félagið eigi að vera í samfloti með öðrum eða vera eitt og sér í næstu kjarasamningaviðræðum. Eyrún Björk Valsdóttir, deildarstjóri fræðsludeildar ASÍ og Skólastjóri Félagsmálaskóla alþýðu, hafði yfirumsjón með hópavinnunni.

Frábær dagur með frábæru fólki!



NEI, ÞETTA MÁ EKKI!

Hámarks dagvinnutími á mánuði er 173,33 klst.

Eftir það greiðist yfirvinna sem er 80% hærri en dagvinna.

Skoðu launaseðilinn þinn vel og hafðu samband ef þú telur að hann sé ekki réttur!



Geymdu launaseðlana, með þeim getur þú sannað réttindi þín.

Eining-löja / 460 3600 / ein@ein.is / www.ein.is / Skipagötu 14 Akureyri / Hafnarbraut 5 Dalvík / Eyrargötu 24b Fjallabyggð

Kíktu á www.ein.is

Eining-Íðja þakkar eftirtöldum veittan stuðning



sæplast



SAMHERJI HF



SJÓMANNAFÉLAG
EYJAFJARÐAR

Deloitte.

form ARKITEKTAR HÖNNUÐIR
KAUPANGI v/MÝRARVEG . 600 AKUREYRI . SÍMI 462-6099



samskip



RAFEYRI
alltaf í stúdi!
LÖGGILTIR RAFVERKTAKAR

Ríkhíða þjónusta á sviði rafmagns til lands og sjávar



Þínar þafir - okkar þjónusta



Alþýðusamband Íslands



Samkaup

stefna
hugbúnaðarhús





Aðalfundur Einingar-Íðju

Fjölmenntur aðalfundur Einingar-Íðju var haldinn í Menn-ingarhúsinu HOFI á Akureyri fimmtudaginn 22. mars sl. Á fundinum var farið yfir ársreikninga félagsins, kosið um breytingu á reglugerð sjúkrasjóðs, kosnir 39 fulltrúar Einingar-Íðju á ársfund Stapa. Í skýrslu stjórnar fjallaði Björn Snæbjörnsson, formaður félagsins, m.a. um sameiningar stéttarfélag. „Á skrifstofunni hjá okkur eru nú tveir starfsmenn sem hafa lögræðimenntun og veitir ekki af í harðnandi heimi. Við aukin verkefni er nauðsynlegt að þjappa fólki saman, t.d. að sameina félög til að gera þau öflugri. Mig dreymir um að öll almenn félög á Eyjafjarðarsvæðinu muni sameinast í eitt deildarskipt félag eftir starfsgreinum. Einnig myndi vera raunhæfur kostur að Norðurland-vestra kæmi inn í þessa sameiningu. Í mínum huga er það ekki hvort heldur hvenær við verðum gleypt af félögunum á höfuðborgarsvæðinu í landsfélög ef við þjöpum okkur ekki saman sjálf á okkar landssvæði.“



Samstaða félaga af sama svæði með sambærilegan bakgrunn er það sem við eigum að horfa á. Vinnum saman og munum að við höfum farið í gegnum sameiningar með góðum árangri, notum þekkingu okkar í þessum efnunum og göngum lengra.“

Björn hélt áfram og sagði að á síðustu vikum og mánuðum hafa verið deilur innan hreyfingarinnar og ýmislegt látið flakka. „Höldum við í alvöru að lausnin sé að sundra ASÍ enn frekar en orðið er? Væri ekki nær að vinna þéttar saman með hagsmuni félagsmanna að leiðarljósi heldur en að fylgja einhverjum formönnum sem þola ekki hvorn annan. Það á enn við og við skulum aldrei gleyma því að samstaða er styrkur en sundrun er veikleiki. Þannig hreyfingu vil ég ekki að verði ofan á í okkar samfélagi.“

Af hverju er ég að tala um þetta? Ég hef áhyggjur ef einhver er ósam-mála fjöldanum þá koma hótanir um úrsögn úr ASÍ. Hverjum gagnast þetta? Allavega ekki launþegum þessa lands heldur atvinnurekendum og stjórnvöldum.“

Björn fjallaði einnig um ástæðu þess af hverju samningum var ekki sagt upp fyrr á árinu. „Margt hefur gerst frá síðasta aðalfundi okkar og þar ber kannski hæst ákvörðunin um að segja ekki upp samningum nú í febrúar. Af hverju var það ekki gert, þar sem menn voru sammála innan ASÍ um að forsendurnar hefðu brostið? Það var lýðræðisleg atkvæða-greiðsla meðal fulltrúa þeirra 59 félaga sem eru innan ASÍ og þetta varð niðurstaðan.“

Ég sagði nei við uppsögn og var það í samræmi við samþykkt trúnað-arráðs félagsins sem nokkrum dögum áður fór ítarlega yfir kosti og galla þess að segja upp samningunum. Niðurstaðan í ráðinu varð að rúmlega 75% vildu ekki segja upp, en þetta var fjölmenntur fundur og trúnað-

Tvö sæmd gullmerki

Á aðalfundi félagsins voru tveir félagar sæmdir gullmerki félagsins. Þetta voru þau Birna Harðardóttir og Steinþór Berg Lúthersson. Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-Íðju, sagði við það tilefni að þau sem hlutu viðurkenningu hafi unnið sitt starf af trúmennsku og óeigingirni. „Það er gaman fyrir félagið að geta sýnt því fólki sem starfað hefur lengi fyrir félagið og ekki síst sína samstarfsfélaga smá þakklætisvott fyrir hið mikla starf sem þau hafa innt af hendi,“ sagði Björn.

Hér fyrir neðan má sjá hvað Björn hafði um þau að segja áður en hann sæmdi þau gullmerkinu.

Birna Harðardóttir

Hún hefur verið í stjórn Matvæla- og þjónustudeildar frá stofnun deildarinnar. Birna hefur lengi verið trúnaðarmaður á sínum vinnustað, setið í samninganefnd félagsins og verið mjög virkur félagsmaður og tekið þátt í mörgum fundum sem fulltrúi okkar og setið ýmsum stjórnunum og ráðum innan félagsins. Hún hefur verið öflugur talsmaður sinna félaga og félagsins í heild.

Steinþór Berg Lúthersson

Hann hefur verið í stjórn Matvæla- og þjónustudeildar um langt skeið, setið í samninganefnd félagsins ásamt því að vera í trúnaðarráði og einnig

verið trúnaðarmaður á sínum vinnustað og verið mjög virkur félagsmaður og tekið þátt í mörgum fundum sem fulltrúi okkar og setið ýmsum stjórnunum og ráðum innan félagsins. Hann hefur verið öflugur talsmaður sinna félaga og félagsins í heild.

Hafið mikla þökk fyrir ykkar góðu störf. Ég bið alla að standa á fætur og klappa fyrir þessu frábæra fólki.



Á myndinni má sjá gullmerkjahafana ásamt formanni og varaformanni félagsins. F.v.: Björn Snæbjörnsson, Birna, Steinþór og Anna Júlíusdóttir.



arráðið er þverskurður af félaginu. Einnig höfðum við rætt þetta á fundum í svæðisráðum félagsins og á ýmsum öðrum fundum og niðurstaðan var einnig sambærileg þar. Við skulum ekki gleyma því að stjórnvöld tilkynntu að atvinnuleysisbætur munu hækka í 90% af lágmarkslaunum en þau voru aðeins 74% fyrir þessa ákvörðun. Einnig verður sett á fót samráðshópur til að létta skattbyrði á þeim er minnst hafa. Á trúnaðarráðsfundinum var rætt um að menn vildu fá umsamda launahækkun þann 1. maí nk., það er almenn hækkun 3% og að lágmarkslaunin færu í 300.000 eins og aðalkrafan okkar var í síðustu samningum.

Þá kom fram að næstu samningar yrðu vel undirbúnir og reynt að fá sem flesta félagsmenn til að koma að kröfugerð með ýmsum hætti. Nú eftir aðalfundinn verður samninganefndin kölluð saman og verkið skipulagt. Þið munuð verða vel vör við þessa vinnu því við munum gera allt til að ná til sem flestra. Látið ykkur ekki dreyma um að þið verðið látin í friði. Þið eruð grasrótin og það eru þið sem mótið stefnuna."

Björn sagði líka frá því að í fyrsta skipti fengu þeir sem vinna hjá ríki og sveitarfélögum auka kauphækkun vegna launaskriðs á almennum markaði. „Ríkisstarfsmenn fengu 1,8% frá 1. janúar 2017 og líka 0,5% frá 1. janúar 2018. Starfsmenn sveitarfélaga fengu 1,4% frá 1. janúar 2018. Af hverju kom þetta til? Jú, í síðustu samningum var gert svokallað SALEK samkomulag og þar var ákvæði um að ef yrði launaskrið á almennum markaði mundu þessir aðilar njóta þess og þetta samkomulag hefur allavega hjálpað þessu fólki," sagði Björn m.a. er hann flutti skýrslu stjórnar.

Ályktun frá aðalfundi

Aðalfundur Einingar-löju, haldinn í Hofi 22. mars 2018, mótmælir harðlega þeirri stéttaskiptingu og siðblindu sem skekur sjúðfélagið í dag. Það er algerlega óþolandi að laun og bónusar til forstjóra hækki um meira en þreföld lágmarkslaun verkafólks á mánuði. Fundurinn hvetur öll stéttarfélög til að vinna vel að sinni kröfugerð og búa sig undir harðar deilur næsta vetur. Verkafólk getur hvorki né vill láta traðka svona á sér. Það verður að sýna atvinnurekendum og ríkisvaldi að nú sé nóg komið.

Ennfremur samþykkir fundurinn að hvetja stjórn lífeyrissjóðsins Stapa til að setja skýrari reglur um ráðstafanir ef fyrirtæki sem sjóðurinn er eigandi að veður áfram eins og stjórn N1 gerði með óheyrilegum greiðslum til forstjórans.

Fyrst góðærið er svona mikið þá á verkafólk að njóta þess. Ekki bara þingmenn, forstjórar og annað „sjálftökulið“.

Reglugerð sjúkrasjóðs

Á fundinum voru samþykktar tvær breytingar á reglugerð sjúkrasjóðs félagsins varðandi grundvöll styrkveitinga úr sjúkrasjóði.

Nýr í stjórn

– sá yngsti frá upphafi

Á aðalfundinum fjölgaði um einn stjórnarmann í aðalstjórn félagsins, en á aðalfundinum 2017 var samþykkt að breyta uppbyggingu stjórnar þannig að bætt yrði við einum meðstjórnanda frá og með aðalfundi 2018. Nýr í stjórn sem meðstjórnandi kom Sigurpáll Gunnarsson. Hann er fæddur 1996 og er því yngsti einstaklingurinn frá upphafi til að taka sæti í stjórn félagsins.



Sigurpáll Gunnarsson.

Björn Snæbjörnsson, formaður félagsins, sagði m.a. þegar hann flutti skýrslu stjórnar á aðalfundinum að þar sem ekki bærust tillögur eða listar annar en frá trúnaðarráði og teljast þeir félagsmenn sem trúnaðarráð hefur gert tillögu um sjálfkjörir. „Anna Júlíusdóttir mun því áfram verða varaformaður félagsins. Nýr í stjórn sem meðstjórnandi kemur Sigurpáll Gunnarsson, sem fæddur er árið 1996 og mun því verða yngsti einstaklingurinn frá upphafi til að taka sæti í stjórn félagsins. 35 af trúnaðarmönnum félagsins er 35 ára eða yngri, það er frábært að við fáum inn svona ungan stjórnarmann og við eigum hóp af mjög áhugasömu ungu fólki sem er á fullu í félagsstarfinu. Það er ekki erfitt að koma og taka þátt í okkar félagsstarfi það er nefnilega þannig að menn sem hafa áhuga eru gripnir til starfa sem trúnaðarmenn eða settir í ráð og nefndir. 27 breytingar urðu í trúnaðarráðinu frá síðasta ári og megnið af þeim sem komu inn eru undir 35 ára aldri. Það hefur yfirleitt alltaf gengið vel að fá fólkið okkar til að vinna fyrir félagið.“

Fyrri breytingin varðaði það að nú þarf aðeins að greiða iðgjöld í 3 mánuði af sl. 12 mánuðum, en áður stóð að greiða þurfti iðgjöld í a.m.k. 6 mánuði.

Seinni breytingin varðaði ógreidd iðgjöld til sjúkrasjóðs af sjúðfélaga. Ef sjúðfélagi getur fært sönnur á, að félagsgjöld til viðkomandi aðildarfélags hafi samkvæmt reglulega útgefnum launaseðlum verið dregin af launum hans síðustu 3 mánuði skal hann njóta réttar eins og iðgjöld til sjúkrasjóðs hafi verið greidd. Áður var miðað við 6 mánuði.

Sjálfkjörið í stjórn og trúnaðarráð

Sjálfkjörið var í stjórn og trúnaðarráð félagsins þar sem aðeins einn listi barst með tilnefningum. Stjórn Einingar-löju skipa nú: Björn Snæbjörnsson formaður, Anna Júlíusdóttir varaformaður, Margrét H. Marvinsdóttir ritari, Sigurpáll Gunnarsson meðstjórnandi, svæðisfulltrúarnir þrír; Guðrún Þorbjarnardóttir, Margrét Jónsdóttir og Róbert Þorsteinsson, formenn deildanna þriggja; Sigríður K. Bjarkadóttir, Ingvar Kristjánsson og Tryggvi Jóhannsson og varaformenn deildanna; þau Elísabet Skarphéðinsdóttir, Stefán Aðalsteinsson og Svavar Magnússon.

Á heimasíðu félagsins er hægt að nálgast ársskýrsluna í heild sinni, en hún inniheldur skýrslu stjórnar sem og ársreikning félagsins.



Punktar frá aðalfundi

Félagsgjald er 1% af öllum launum. Ekki er innheimt lágmarksgjald.

4.559 félagsmenn fengu einhverskonar styrk eða endurgreiðslu kostnaðar á árinu. 881 fengu starfsmenntastyrki, 2.175 fengu styrki úr sjúkrasjóði, 1.296 fengu orlofsstyrk eða orlofshús og 207 fóru í orlofsferðir á vegum félagsins eða í leikhús.

Aðalfélagar á síðasta ári voru 7.789

Helstu styrkir úr félagssjóði. Á síðasta starfsári fékk Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis kr. 1.250.000, Endurhæfingarstöðin á Kristnesi fékk kr. 1.000.000, Aflið fékk kr. 1.000.000, Grófin fékk kr. 1.000.000, Mæðrastyrksnefnd Akureyrar, Hjálparstarf kirkjunnar, Hjálpræðisherinn og Rauði krossinn fengu sameiginlegan styrk að upphæð kr. 800.000, og lónaðarsafnið á Akureyri fékk kr. 200.000.

Fjárveitingar úr sjúkrasjóði á árinu 2017. Alls fengu 201 félagsmenn dagpeninga eða dánarbætur að upphæð kr. 101.275.070 og 1.974 manns fengu styrki að upphæð kr. 29.379.019. Samtals fengu því 2.175 félagsmenn greidda styrki á síðasta ári alls að upphæð kr. 130.654.089.



Fjöldmörg námskeið. Haldin voru nokkur trúnaðarmanannámskeið í samvinnu við önnur stéttarfélag og var mjög góð þátttaka á þeim. Í október og nóvember tóku 13 félagsmenn þátt í dyravarðanámskeiði sem haldið var í samvinnu við Lögregluna á Norðurlandi eystra. Í nóvember hélt félagið námskeið í jólaföndri og tóku 11 félagar þátt í því. Félagsmönnum var boðið upp á fleiri námskeið en vegna ónógrar þátttöku þurfti að fella þau niður.

Starfsmenntasjóðir. Alls fengu 881 einstaklingar, 555 konur og 326 karlar, einstaklingsstyrki úr Landsmennt, Ríkismennt eða Sveita-

mennt á árinu 2017. Þetta er fjölgun um 48 styrki frá árinu áður. Upphæðin sem þau fengu var um kr. 700.000 hæri en árið áður, eða kr. 32.842.201.



Orlofshús. Á árinu 2017 voru átján orlofshús og átta íbúðir í eigu félagsins, þar með taldar tvær sjúkrahúsbúðir. Auk húsa og íbúða sem eru í eigu félagsins var Eining-lðja með orlofsbústaði víðsvegar um landið í skiptum fyrir orlofshús á Illugastöðum. Einnig tók félagið á leigu nokkur hús. Nýtingin var mjög góð. Einnig úthlutaði félagið 270 orlofsstyrkjum sem kallast „Orlof að eigin vali.“

Hvalfjarðargöng. Á síðasta ári seldi félagið um 10.000 miða í Hvalfjarðargöngin sem þýðir að félagsmenn hafa sparað sér um 3,65 milljónir með því að kíkja á einhverja skrifstofu félagsins og kaupa miða. Ef borgað er við göngin kostar hver ferð kr. 1.000 en miði hjá félaginu kostar kr. 635.

Orlofsferðir. Félagið bauð að venju upp á þrjár ferðir fyrir félagsmenn. 28 félagsmenn og makar fóru í mjög góða ferð til Þýskalands og Luxemborgar, 29 félagsmenn og makar fóru í fjallaferðina þar sem farið var m.a. í Kverkfjöll, Öskju, Herðubreiðarlindir og Holuhraun og um 50 fóru í árlega dagsferð fyrir eldri félagsmenn. Ekið var austur á Húsavík þar sem Hvalasafnið var skoðað. Að því loknu var borðaður hádegismatur á Húsavík. Eftir mat var farið upp Kísilveg og farinn hringur í Mývatnssveit. Eftir það var farið á Illugastaði í Fnjóskadal þar sem drukkið var kaffi. Að lokum var farið um Víkurskarð og til Akureyrar á ný.

Ársfundur Stapa. Á fundinum voru kosnir fulltrúar félagsins á ársfund Stapa sem fram fór í Menningarhúsinu á Akureyri. Félagið átti rétt á 39 fulltrúum í ár.

To the members of Eining-löjja

Everyone is entitled to a vacation; a minimum vacation is to be 24 working days. If an employee falls ill during vacation, the period of illness is not counted as vacation, on condition that the employee prove by doctor's certificate that he/she is not able to take a vacation. Notification to a superior is to be made immediately, by phone or telegram, in case of illness or accident during vacation.

Holiday bonus

Eining-löjja reminds its members of their right to receive a holiday bonus. Employees who have earned full vacation rights by working for the same employer during the past full year, defined as lasting from 1 May to 30 April, and were in employment during the last week of April or the first week of May, will be paid on 1 May or 1 June a special single-sum holiday bonus. This year's amount for those who work in the private market and the State (1 June) is kr. 48,000 based on full employment, in accordance with all employment contracts. This year's amount for those who work for municipalities (1 May) is kr. 48,000 in accordance with all employment contracts. The holiday bonus is not included in the amount that forms the basis of holiday pay calculations.

Fosshotels offer reduced rates

Eining-löjja will be selling coupons for accommodation in all Fosshotels hotels in Iceland. The price of one coupon is kr. 10,500 and it is valid for two persons in a double room with wash basin for one night. Breakfast is included.

Reykjavík

Winter (January 1st – May 14 and October 1st – December 31st)

- 1 coupon for one night

(May 15 - September 30th) - 2 coupons for one night

Iceland outside of Reykjavík

Winter (January 1st – May 31st and September 1st – December 31st)

- 1 coupon for one night

Summer (June 1st - August 31st) - 2 coupons for one night

The coupons are available at the Eininglöjja offices. Guests make their own bookings. Attention! When you order you must state that you have coupons. For more information see www.fosshotels.is

The Edda hotels offer reduced rates

Eining-löjja will be selling coupons for accommodation in all Edda hotels in Iceland. The price of one coupon is kr. 10,000 and it is valid for two persons in a double room with wash basin for one night. Breakfast is not included. Union members will not lose credit points when buying these coupons which makes this an attractive option, for, according to the price list of the Edda hotels for summer 2018, the price of a room of this type is kr. 17,200.

The coupons are available at the Eininglöjja offices. Children can share the rooms with grownups without extra charge if people take along a sleeping bag or bed linen. The Edda hotels provide mattresses if needed. The coupons may be used in all the Edda hotels around the country. Guests make their own bookings but reservation must be noted that the price will be paid with coupons.

For more information see www.hoteledda.is

Fishing card / Veði kortið

